

148

27. ágúst

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 31
25. júlí 1941.

14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskattinn um allt að 100% eða lækka um allt að 50%.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. ágúst 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

149 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Hlifar
3. sept. Jónsdóttur og Daníels Andréssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af
dómsmálaráðherra 3. september 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Hlifar Jónsdóttur og Daníels Andréssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Hlifar Jónsdóttur og Daníels Andrés-
sonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um hjónin Hlíf Jónsdóttur frá Háagerði
á Skagaströnd og Daniel Andrésson frá Syðri-Bægisá í Öxnadal, af syni þeirra Árna
Danielssyni á Sjávarborg í Skagafirði.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur. Höfuðstóll þessi skal
ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að og styrkja skógrækt í Skagafjarðarsýslu, á
sveitabýlum, og skulu búendur innan Skarðshrepps ávallt sitja fyrir öðrum um styrk-
veitingar úr sjóðnum.

5. gr.

Vextir skulu leggjast allir við höfuðstól sjóðsins til ársins 1949, en þaðan af að-
eins $\frac{1}{5}$ hluti vaxtanna, upp frá því skal verja $\frac{4}{5}$ hlutum ársvaxta til þess að styrkja
búendur sveitabýla til skógræktar samkvæmt því sem segir í 4. gr. Skal fyrst veittur
styrkur úr sjóðnum á 100 ára afmæli Hlifar Jónsdóttur hinn 6. september 1949, og

siðan árlega sama dag upp frá því. Falli styrkveiting niður eitt ár eða fleiri, veitist því meiri styrkur næsta eða næstu ár, sem umsóknir eru fyrir hendi. 149
3. sept.

6. gr.

Styrkveiting úr sjóðnum skal jafnan vera bundin því skilyrði, að fylgt sé ákvæðum 2. og 3. málgr. 4. gr. og ákvæðum 5. gr. samþykktar um skógggræðslu í Skagafjarðarsýslu, útg. 10. maí 1945. Verði ákvæðum þessum breytt, skal farið eftir þeim ákvæðum, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu setur í þeirra stað til tryggingar græðslu gagnskógar til skjóls og búsparfa eða prýðis.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 sjálfkjörnir menn, þeir sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, sýslunefndarmaður Skarðshrepps og umsjónarmaður sýsluskógræktarinnar í Skagafjarðarsýslu, sem búsettur er innan sýslunnar, og er sýslumaðurinn ávallt formaður sjóðstjórnarinnar. Stjórnin ræður styrkveitingum úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun þessarar skipulagsskrár. Hún annast fjárreiður sjóðsins og ber ábyrgð á þeim fyrir sýslunefnd. Reikningsár er almanaksárið.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal jafnan halda gerðabók og bóka þar framkomnar umsóknir um styrk, ákvarðanir um styrkveitingar, svo og reikninga sjóðsins og annað það, sem máli skiptir um rekstur sjóðsins og efnahag. Ársreikningur sjóðsins skal jafnan lagður fram á aðalfundi sýslunefndar Skagafjarðarsýslu til endurskoðunar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Sjávarborg, í desember 1944.

Árni Daniélsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kristínar Egilsdóttur“, 150
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. september 1945. 3. sept.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRA

fyrir Minningarsjóð Kristínar Egilsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristínar Egilsdóttur og er stofnaður af ættingjum og erfingjum hennar, til minningar um hana, en hún var fædd 29. sept. 1864, dáin 18. okt. 1941, dóttir Egils Jónssonar bókbindara og bókaútgefanda í Reykjavík og konu hans Guðrúnar Halldórsdóttur, prófasts á Melstað, Ámundasonar.

2. gr.

Sjóðurinn er nú við stofnun hans (í júní 1945) að upphæð kr. 8808.89 auk vaxta, en eykst væntanlega með framlögum ættingja, sem enn hafa ekki lagt í hann, og annarra vina, sem vilja styðja hann og tilgang hans, sérstaklega söngvina.